

Yfirlit yfir störf Loftslagsráðs 2019-2020

Lagt fram á fundi í Loftslagsráði 10. júní 2020

Breytingar voru gerðar á skipan í Loftslagsráð haustið 2019 og kom það saman í fyrsta skipti 18. september. Ráðið hélt 13 fundi frá haustinu 2019 fram á vor 2020, auk 3ja aukafunda.

Á fundi Loftslagsráðs í nóvember 2019 var samþykkt starfsáætlun ráðsins 2019-2020. Í henni er fjallað um hlutverk og nálgun Loftslagsráðs, viðfangsefni, áherslur og markmið.

Hlutverk Loftslagsráðs er að veita stjórnvöldum aðhald með markvissri ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir sem tengjast loftslagsmálum á Íslandi. Nálgun Loftslagsráðs er að tengja saman reynsluheima, að verða hvati að markvissara samtali um markmið og leiðir í loftslagsmálum og virkja bakland fulltrúa í ráðinu. Loftslagsráð leggur áherslu á náð samráð við Stjórnarráðið og stofnanir þess.

Viðfangsefni sem lagt var upp með í starfsáætlun 2019-2020 eru:

1. Samdráttur í losun og aukning á bindingu á tímabilinu 2018-2030
2. Heildarmyndin og samhengi áhrifaþátta og gerenda
3. Kolefnishlutleysi 2040
4. Öflugt viðnám gegn áhrifum loftslagsbreytinga
5. Stefnumörkun og stjórnsýsla tengd loftslagsvá
6. Kolefnishagstjórn

Endurskoðun á aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2018-2030

Ráðherra kynnti drög að endurskoðaðri aðgerðaáætlun fyrir Loftslagsráði 16. apríl. Eftir aukafundi kom ráðið sér saman um álit sem sent var til ráðuneytisins 1. maí. Með því fylgi samantekt á öllum athugasemdum sem bárust frá fulltrúum í ráðinu. Rýning Loftslagsráðs verður meðhöndluð sem trúnaðarmál þar til trúnaði verður létt af aðgerðaráætluninni.

Kolefnishlutleysi 2040

Að mati Loftslagsráðs er mikilvægt að dýpka skilning á hvað átt sé við með kolefnishlutleysi og hver myndbirting þess gæti orðið í íslensku samhengi. Á grunni ítarlegrar umræðu innan ráðsins var gerð samantekt um kolefnishlutleysi sem hugtak og hvernig það hefur verið notað í vísindum og í markmiðssetningu í loftslagsmálum á alþjóðavettvangi. Einnig eru lagðar fram tillögur um næstu skref.

Í samantektinni er einnig rakið hvernig ákvarðanir varðandi uppgjör á losun sem sett var af stað með landnotkun fyrri ára hefur áhrif á hvernig kolefnishlutleysi fyrir landið í heild verður gert upp. Brýn þörf er á að efla rannsóknir á losun frá framræstu votlendi og vegna hnignunar jarðvegs úthaga og jarðvegsrofs. Loftslagsráð gæti haft frumkvæði að því að leysa úr óvissu varðandi viðmiðunarár kolefnishlutleysis hvað varðar nettólosun frá landi og hvetja til frekari rannsókna og vöktunar. Þá eru stjórnvöld hvött til að lögfesta markmið Íslands um kolefnishlutleysi 2040 og útfæra og varða framtíðarsýn um kolefnishlutlaust Ísland fyrir 26. Aðildarríkjaþing Loftslagssamningsins.

Spurningin sem stjórnvöld og samfélagið allt stendur frammi fyrir er ekki hvort kolefnishlutlaust Ísland sé möguleiki, heldur hvers konar kolefnishlutlaust Ísland fellur best að framtíðarsýn þjóðarinnar. Margar leiðir eru færar að þessu marki. Leiðin sem farin verður mun ráða úrslitum um lífsgæði og hagsæld þeirra sem það land munu byggja.

Ábyrg kolefnisjöfnun

Ráðgjafafyrirtækið Environice var fengið til að taka saman yfirlit yfir stöðuna varðandi kolefnisjöfnun hér á landi og hefur Loftslagsráð farið yfir málið og telur að umtalsverðra úrbóta sé þörf. Boðað var til samráðsfundar með helstu gerendum á þessu sviði hér á landi þar sem yfirlit Environice var lagt til grundvallar og var þátttaka góð. Þar kom fram að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er að skoða hvernig það getur stuðlað að úrbótum þar sem þeirra er þörf.

Aðlögun að loftslagsbreytingum

Loftslagsráð fékk Magnús Örn Sigurðsson til að vinna umræðuskjal um aðlögun á grundvelli ráðstefnu Loftslagsráðs um aðlögun í maí 2019. Þetta umræðuplagg "Að búa sig undir breyttan heim" var gert opinbert á vormánuðum 2020. Fyrirætlunum um að boða helstu gerendum á þessu sviði til samráðs var slegið á frest vegna veirufaraldurs.

Samskiptastefna

Ráðið kom saman til stefnumótandi samtals þann 15. janúar í Helliðarvirkjun, um hvernig það getur haft áhrif á umræðu um loftslagsmál. Atón JL leiddi þá vinnu og mótun samskiptastefnu í kjölfarið. Loftslagsráð lagði niður fyrir sér hvernig það getur haft áhrif á umræðu um loftslagsmál. Jafnframt var gerð samantekt um mögulega markhópa, einkenni þeirra og miðlunarleiðir. Sú greinargerð sem Atón JL tók saman verður lögð til grundvallar í áframhaldandi vinnu við heildaráætlun í samskiptamálum ráðsins.

Í þeirri greiningarvinnu sem fram fór kom fram að Loftslagsráð er í góðri stöðu til að stuðla að árangri í loftslagsmálum með skipulagðri upplýsingamiðlun. Með því að staðsetja sig sem aðili sem veitir aðhald með fræðslu og miðlun staðreynda getur Loftslagsráð náð árangri. Lagt er til að Loftslagsráð skapi sér sess í opinberri umræðu sem ábyrgur og trúverðugur aðili sem leggi áherslu á að veita uppbyggilegt aðhald og stuðla að samstöðu um nauðsynlegar aðgerðir.

Stefnt er að því að skapa Loftslagsráði sess sem lykilaðila í opinberri umræðu um loftslagsmál, veita þeim sem bera ábyrgð aðhald, auka þekkingu og staðfestu almennings í loftslagsmálum og stuðla að auknu samstarfi og samstöðu um að það þurfi að ráðast í árangursríkar aðgerðir. Skilgreindur var tónn í samskiptum og gert yfirlit yfir mögulega markhópa og samskiptaleiðir.

Vinna við framkvæmd samskiptastefnunnar er hafin og lagður hefur verið grunnur að vefsíðu sem er óháð Stjórnarráðinu. Fræðslu- og upplýsingahópur ráðsins hefur einnig farið yfir stöðuna varðandi upplýsinga- og fræðslumál. Verkefnastjóra var falið að vinna á grunni þessarar samantektar í framkvæmd samskiptamála.

Stjórnsýsluúttekt

Loftslagsráð ákvað að láta gera ítarlega úttekt á stjórnskipulagi loftslagsmála í þeim tilgangi að móta sýn um hvernig bæta megi stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og auka samhæfingu í stjórnkerfinu. Markmiðið er að efla getu hennar til að til draga úr losun gróðurhúsalofttegunda; horfa til framtíðar og átta sig á því hvernig þessum málaflokki verður best fyrir komið.

Ráðgjafar voru fengnir til að vinna úttektina sem kynnt var fyrir Loftslagsráði í lok apríl. Hún byggði m.a. á djúpvitölum við fjölda aðila í stjórnsýslunni. Umgjörð loftslagsmála í löndunum í kringum okkur var skoðuð til að átta sig á hvaða leiðir eru stjórnvöldum færar til að halda utan um þennan mikilvæga málaflokk. Forsendur skilvirkrar stjórnsýslu voru settar fram og fjórar sviðsmyndir um hvernig hægt er að treysta umgjörð stjórnsýslu loftslagsmála og gera hana betur í stakk búna til að takast á við verkefni sem framundan eru í loftslagsmálum.

Hagræn stjórnþæki

Loftslagsráð telur nauðsynlegt að ná yfirsýn yfir helstu stærðir í íslensku kolefnishagkerfi. Ákveðið var að taka fyrstu skref í að skilja hvernig hagrænum stjórnþækjum er beitt í samhengi loftslagsmála á Íslandi og hvaða hagstærðir er um að ræða í þessu samhengi þ.e. hverjar eru tekjurnar og hver eru útgjöldin.

Sigurður Guðmundsson ráðgjafi var fenginn til að taka saman greinargerð þar sem tekið er saman yfirlit yfir notkun hagrænna stjórnþækja á Íslandi í loftslagsmálum, tekjur og útgjöld ríkisins tengdum hagrænum stjórnþækjum og næstu skref.